

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 10. júlí 2020  
UST202006-330/A.B.  
10.05.02

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Árbúðir og Geldingafell - fjallaskálar**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdalýsing**

Í greinargerð kemur fram að afmarkaðar verða tvær lóðir fyrir þjónustustarfsemi í Geldingafelli. Á hvorri lóð verður heimilt að byggja upp ferðabjónustu, s.s. gistingu fyrir allt að 25 manns, veitingaaðstöðu og aðstöðu fyrir tæki og búnað í tengslum við ferðir, m.a. á Langjökul. Heimilt er að byggja 5 hús á lóð og getur heildar byggingamagn verið allt að 700 m<sup>2</sup>.

Í greinargerð kemur fram að í hálandismiðstöðinni Árbúðir, sem er staðsett við Kjalveg sé gert er ráð fyrir veitinga- og gististað, ásamt þjónustu við göngu- og hestahópa. Auk þess kemur fram í greinargerð að innan lóðar eru í dag 87 m<sup>2</sup> gistiskáli, 85 m<sup>2</sup> sölu- og veitingaskáli, 95 m<sup>2</sup> hesthus, hús fyrir salerni og sturtu um 15 m<sup>2</sup> og um 20 m<sup>2</sup> starfsmannahús. Í greinargerð kemur fram að heimilt er að stækka núverandi gistiskála um allt að 100 m<sup>2</sup> og byggja allt að þrjá nýja 100 m<sup>2</sup> gistiskála og heildar byggingarmagn getur því verið allt að 700 m<sup>2</sup> og gisting getur verið fyrir allt að 70 gesti. Þá er heimilt að vera með rafhleðslustöð og eldsneytissölu á díselolíu, bensíni, steinolíu og metan. Þau mannvirki sem gert er ráð fyrir eru m.a. eldsneytisdælur, eldsneytistankar, olíuskiljur, ýmis konar lagnir og tæknirými fyrir dælubúnað.

### **Ásýnd**

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í tillöggunni að umfang tillögunnar geti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, þar sem m.a. er verið að setja upp bensínstöð og auka byggingarmagn um helming.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að til að draga úr sýnileika mannvirkja verða í deiliskipulagi settir skilmálar fyrir uppbyggingu, útlit húsa og frágang lóðar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifsbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

### Óbyggð víðerni

Í kafla 2.6 kemur fram að uppbygging í Árbúðum og Geldingafelli ekki talin það umfangsmikil að hún ein og sér skerði víðerni.

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Í Geldingafelli er aðstaðan aðallega nýtt vegna vélsleðaferða á Langjökul og er umferð um svæðið árið um kring. Umhverfisstofnun bendir á að umferð vélknúinna farartækja á Langjöklum og nágrenni geta haft neikvæð áhrif á óbyggð víðerni, þar sem að vélsleðar geta valdið truflun þeirra sem vilja njóta einveru og náttúrunnar.

Umhverfisstofnun telur að varðandi Geldingafell sé um viðbót við starfsemi sem þarna hefur farið fram um árabil og munu framkvæmdir þar breyta óverulega því ástandi sem nú er. Varðandi uppbyggingu þétt við Kjalveg telur Umhverfisstofnun að mun betra væri að staðsetja bensínstöðvar og mannvirki þeim tengd á þessu svæði með öðrum hætti en tíðkast s.s. við Hringveg 1 þar sem slík mannvirki geta mögulega dregið úr upplifun þeirra sem telja sig ferðast í „óbyggðum“. Að mati stofnunarinnar ætti frekar að koma þessum mannvirkjum fyrir í hvarfi frá veginum ef slíkt er unnt eða við skilgreindar hálandismiðstöðvar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir við Geldingafell muni ekki breyta í grundvallaratriðum því ástandi sem þegar er á svæðinu. Hins vegar gæti uppbygging þjónustusvæða sambærileg þeim sem eru við þjóðvegi í byggð haft neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um Kjalveg fara.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umræddar framkvæmdir samanlagt munu hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sverrir Ágústein Jónsson  
Teymisstjóri